

Fundur haldinn í framkvæmdaráði Almannavarna Árnessýslu (A.Á.) þann 23. júní 2020 kl. 08:00 í fundarsal Brunavarna Árnessýslu.

Mættir eru: Ásta Stefánsdóttir (ÁS), formaður, Sólveig Þorvaldsdóttir (SP), varaformaður og Aldís Hafsteinsdótti, ritari (AH). Auk þeirra sitja fundinn: Kjartan Þorkelsson, lögreglustjóri Suðurlands, Björn Ingi Jónsson, starfsmaður Almannavarnadeildar lögreglustjóra og Haukur Grönli, varaslökkviliðsstjóri Brunavarna Árnessýslu. Fundagerð ritaði Aldís Hafsteinsdóttir.

Hér var gengið til dagskrár.

## 1. Lögreglustjóri fór yfir ýmis verkefni sem unnið er að

Mest vinnan í vetur hefur farið í **Covid**. Núna eru vikulegir fundir með sóttvornalækni þar sem farið er yfir stöðu hvernar viku.

Unnið er að viðbragðsáætlun fyrir **Vatnajökul, eldgos í Örfafjökli** o.fl. Búið er að vinna og kynna áætlun varðandi rýmingar á svæðinu. Unnið er að bókstafamerkingum á svæðinu og þegar það er tilbúið þá verða rýmingaráætlanir á svæðinu tilbúnar og kynntar fyrir íbúum. Fundað hefur verið með Landsvirkjun vegna þeirra hagsmuna. Flóð á okkar svæði eru þó frekar ólíkleg þar sem líklegra er að flóðið fari norður en eigi að síður er nauðsynlegt að eiga þessar áætlanir.

**Grímsvötn** eru á tíma og líklegt að þar gerist eitthvað innan árs. Fylgst er vel með þróun mála þar. Fundur er á föstudaginn í Vísindaráði Almannavarna en sá fundur er árlegur en nú í ár með Almannavarnanefndum til að draga sveitarfélög betur að borðinu.

Á **Svínafellsheiði** eru líkur á stóru berghlaupi. Þar hefur verið unnið að viðbragðsáætlun en ekki eru líkur á að hótelið í Freysnesi sé í hættu. Vegna mögulegra Skaftárhlaupa hefur verið gert ítarlegt hættumat. Nauðsynlegt er að allir aðilar þar með Vegagerðin vinni með þá spá.

Varðandi **Köttlu** þá óttast menn jökulhlaup eins og þekkt er. En Katla hefur þó aldrei verið rólegri en á þessu ári. Fjármunir fengust í varnargarð austan við vík og hefur garðurinn nú verið reistur. Veðurstofan er nú að herma áhrif af sjávarflóðum bæði á Vík og í Vestmannaeyjum ef að Katla skyldi gjósa. Áhættugreining er í gangi vegna flóða frá **Sólheimajökli** en þau flóð yrðu væntanlega ekki mjög stór í sniðum.

**Reynisfjara** er sér verkefni sem greitt er af Iðnaðar- og nýsköpunarráðuneytinu. Þar hafa fulltrúar frá Vegagerðinni verið að setja upp öldufarsmæla og fulltrúar frá Vegagerðinni eru að meta hrunhættu. Í framhaldinu verða sett upp ný skilti til að reynt sé að stemma stigu við atburðum svipuðum þeim sem þar hafa orðið. Þetta verkefni hefur aðeins liðið fyrir það álag sem var á öllum vegna Covid vinnunnar en nú er þó lag að gera úrbætur áður en ferðamenn mæta aftur á svæðið.

Áhættugreining hefur verið unnin fyrir **Heklu**. En óvissa þar er mikil um framvindu næstu árin. Skoðað hefur verið að senda ferðamönnum sem fara yfir ákveðna línu SMS með upplýsingum um að farið hafi verið inn á hættusvæði.

Fundað hefur verið um **sinu- og gróðurelda** með Brunavörnum Árnassýslu. Unnið er að kortlagningu á hættu er varðar ýmsa þætti s.s. gróðurtegundir, jarðveg, flóttaleiðir o.fl. . Skilgreina þarf áhættuþætti og viðbrögð við áhættu sem myndast getur. Unnið er að samstarfi við Veðurstofuna um mögulegar tilkynningar til almennings vegna yfirvofandi hættu. Til hliðsjónar er evrópskur vefur þar sem áhætta er skilgreind. Þetta mál tengist líka hjólhýsasvæðum þar sem mikil áhætta er á bruna og alvarlegum atburðum vegna þéttleika á svæðum.

Lögreglustjóri ætlaði að heimsækja allar björgunarsveitir á svæðinu en það tókst því miður ekki af ýmsum ástæðum. Unnið hefur verið að jarðskjálftaáætlunum og einnig að uppsetningu aðgerða- og vettvangsstjórna. Fundað hefur verið með svæðisstjórn Árnassýslu. Mikilvægt er að ná samstarfi og samvinnu á öllu svæðinu.

## 2. **Breytingar á fyrirkomulagi hjá Rauða krossinum í Suðurkjördæmi.**

Svæðisstjóra RKÍ á Suðurlandi hefur verið sagt upp störfum eins og öðrum svæðisstjórum á landsbyggðunum utan Akureyrar. Stjórnarmenn eru sammála um mikilvægi þess að starfsmaður vinni að þeim málum sem RKÍ er falið að sinna.

Ástu falið að óska eftir fundi með forsvarsmönnum RKÍ þar sem ástæður þessara breytinga yrðu ræddar og farið yfir þau áhrif sem þessi breyting getur haft.

## 3. **Verkferlar og skipulag.**

Rætt skipulag á vinnu starfsmanns Almannavarna á starfssvæði lögreglustjóra Suðurlands. Fundað hefur verið með flestum sveitarfélögum á svæðinu þar sem verkefni á hverju svæði hafa verið rædd. Rætt um mikilvægi þess að það sé skýrt hvert erindi eiga að berast frá sveitarfélagi eða AÁ um að fá starfsmanninn í verkefnavinnu. Bæði er hægt að senda erindi á starfsmanninn og/eða lögreglustjóra sem þá sinna þeim í sameiningu. Einfaldast er þó að senda erindi á netfangið sudurland@logreglan.is og þaðan er þeim dreift til réttra aðila. Lögreglustjóri er yfirmaður starfsmannsins og ákveður og forgangsraðar þeim verkefnum sem starfsmaðurinn tekur að sér.

Einnig farið yfir stöðu varðandi verkferla og fyrirkomulag almannavarna á svæðinu og mögulega gagnasöfnun til að vega og meta styrk almannavarna, sérstaklega innan sveitarfélaga. Tilgangurinn er að skoða hvernig mætti efla og þróa almannavarnir í Árnassýslu í anda Samþykktar AÁ frá 2019 . Ákveðið að halda þeirri umræðu áfram á næsta fundi framkvæmdastjórnar og vinna undirbúningsvinnu fram að því.

Fleira ekki gert og fundi slitið kl. 9:30.

Ásta Stefánsdóttir

Sólveig Þorvaldsdóttir

Aldís Hafsteinsdóttir